



Aðgerðaáætlun námstími

Tillögur verkefnishóps

31. mars 2015

Aðfaraorð

Verkefnishópur um aðgerðir til að ná markmiðum hvítbókar um að 60% nemenda ljúki námi á tilsettum tíma, úr 44% nú, leggur til að horft verði sérstaklega til sautján aðgerðapátta til að ná takmarkinu. Þessir þættir eru settir fram undir fjórum markmiðum sem stjórnvöld eru hvött til að beina sjónum sérstaklega að. Verkefnið sjálft fékk yfirheitið námstími enda miðar öll vinnan að því að auka líkurnar á því að tíminn í skólastarfi sé vel nýttur í þágu nemenda.

Á Íslandi ljúka hlutfallslega fáir nemendur námi á framhaldsskólastigi á tilsettum tíma miðað við lönd sem við viljum bera okkur saman við. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hafði minnihluti þeirra nemenda sem innritaðist í framhaldsskóla árið 2003 lokið námi að fjórum árum liðnum. Að sjö árum liðnum frá innritun nemenda árið 2003, þ.e. haustið 2010, voru 28% hvorki skráðir í nám né höfðu lokið skilgreindu námi.

Staða nýnema í dagskóla á framhaldsskólastigi árið 2003 fjórum, sex og sjö árum eftir innritun,%

	Fjöldi ára frá innritun		
	4 ár	6 ár	7 ár
Alls,%	100	100	100
Brautskráðir,%	44	58	62
Enn í námi,%	26	14	10
Brottfallnir.%	30	28	28

Hagstofa Íslands, Fréttir 67/2012

Það er áhyggjuefni hversu margir nemendur hverfa frá námi án formlegra námsloka og einnig hversu lítið hefur miðað hin síðari ár í baráttunni við að minnka brotthvarf nemenda úr námi á framhaldsskólastigi. Stór hópur fólks snýr aftur í framhaldsskólanám á fullorðinsárum sem er ánægjulegt þó eftirsóknarvert sé að gera þann hóp minni með því að stuðla að námslokum hlutfallslega fleiri ungmenna úr framhaldsskóla en nú er. Tillögur til aðgerða sem hér fara á eftir er ætlað að þjóna þessum tilgangi.

Verkefnishópurinn leitaði til eftirtalinna aðila um samráð og kann þeim bestu þakkir fyrir mikið og gott starf í þágu verkefnisins.

Alþýðusamband Íslands	Kennarasamband Íslands
Félag náms- og starfsráðgjafa	Samband íslenskra framhaldsskólanemenda
Háskóli Íslands	Samband íslenskra sveitarfélaga
Háskólinn á Akureyri	Samtök atvinnulífsins
Heimili og skóli	Skólameistarafélag Íslands

Tillögur verkefnishópsins taka mið af niðurstöðum samráðshópa á þjóðráðsþingi sem haldið var á vegum verkefnishópsins, innsendum skýrslum samráðsaðila til verkefnishópsins og innlendum og erlendum skýrslum og rannsóknaniðurstöðum. Verkefnishópurinn hefur einnig sótt ráðstefnur sem snerta málefnið, fengið einstaklinga á fund til sín, sótt fundi með hagsmunaaðilum og notið aðstoðar sérfræðings við úrvinnslu gagna.

Þjóðráðsþing var haldið 11. desember 2014 þar sem samráðsaðilum var boðið að senda allt að 6 fulltrúa til að kryfja til mergjar 12 spurningar sem brunnu á verkefnishópnum eftir gagnaöflun hjá samráðsaðilum og rýni rannsókna og skýrslna um efnið. Alls sóttu þingið 41 en óveður á þingdeginum hamlaði komu nokkurra fulltrúa af landsbyggðinni. Í framhaldi af þjóðráðsþinginu setti verkefnishópurinn á laggirnar heimasíðu þar sem allt efni samráðshópa og þingsins var gert aðgengilegt þingfulltrúum og samráðsaðilum. Einnig var opnaður möguleiki á heimasíðunni fyrir alla samráðsaðila til að setja inn athugasemdir og tillögur.

Verkefnishópurinn gerði óformlega könnun á stöðu innleiðingar framhaldsskóla á nýju einingakerfi og nýjum námskrám í anda laganna frá 2008. Meirihluti framhaldsskóla stefnir að því að bjóða nemendum að hefja nám í nýju kerfi haustið 2015 sem þýðir að þriggja ára nám til stúdentsprófs hefst í nánast öllum framhaldsskólum næsta haust. Námstími starfsnáms var látinn liggja milli hluta þar sem unnið er að tillögum um skipulag starfsnáms í sérstökum verkefnishópi hvítbókar þar að lútandi. Verkefnishópurinn um námstíma leggur því ekki fram sértækar tillögur til aðgerða hvað þetta varðar en leggur áherslu á að námstími í starfsnámi verði almennt styttri en nú er.

Þrennt er mjög áberandi þegar kemur að námsgengi í framhaldsskóla á Íslandi. Í fyrsta lagi er aldurinn hár þegar nemendur ljúka námi úr framhaldsskóla, mikið brotthvarf er áberandi og um 30% Íslendinga 25 ára og eldri hefur ekki lokið framhaldsskóla. Flest Evrópuríki hafa sett sér það markmið að brotthvarf úr framhaldsskóla verði komið undir 10% árið 2020. Verkefnishópurinn hefur í vinnu sinni reynt að koma auga á hvað það er sem má færa til betri vegar til að tími nemenda nýtist betur, námið verði skilvirkara og fleiri ljúki námi á tilsettum tíma. Þeir þættir sem eru mest áberandi og oftast nefndir eru:

- Skuldbinding nemenda, forráðamanna og skóla
- Brotthvarf
- Náms- og starfsráðgjöf
- Skil skólastiga og samfella í námi
- Ráðgjöf og þjónusta
- Kennsluhættir og námsmat

Verkefnishópurinn setti snemma fram fjórar stoðir sem hann taldi nauðsynlegt að beina sjónum sérstaklega að. Þessar stoðir eru: Endurskipulagning námstíma, innviðir framhaldsskólans, brotthvarf og samfélagslegir þættir. Unnið var með þessar fjórar stoðir sem útgangspunkt vinnunnar og samráðsaðilar beðnir um að fjalla sérstaklega um þær og undirþætti þeirra, bæði við gerð álits/skýrslu um málefnið og á þjóðráðsþingi samráðsaðila. Niðurstaða verkefnahópsins tekur mið af þessum fjórum stoðum og hefur lagt fram aðgerðir undir hatti fjögurra meginmarkmiða í sautján þáttum. Markmiðin snerta:

1. Sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi.
2. Skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og fremst nemenda og forráðamanna þeirra.

3. Að draga úr brotthvarfi nemenda úr námi.
4. Ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu fyrir nemendur, forráðamenn og almenning.

Margar raddir komu fram á þjóðráðsþinginu sem hvöttu til þess að unnið yrði sérstaklega með skil skólastiga, þannig að nemendur ættu greiða leið með að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis. Einnig kom sterkt fram að gera ætti nemendum auðveldara fyrir að hefja nám í framhaldsskóla fyrr en við 16 ára aldur og að margir góðir nemendur fengju ekki nægjanlega miklar áskoranir í námi í 10. bekk grunnskóla.

Verkefnishópurinn telur mjög mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda, forráðamanna og skóla þegar kemur að menntun. Skuldbindingin felst ekki síst í því að skólar líti á innritaða nemendur sem skuldbindingu skólans til að nemandinn nái árangri og brautskráist. Leggja þarf áherslu á skuldbindingu forráðamanna nemenda yngri en 18 ára til að standa öflugt að baki námi barna sinna. Mikilvægast er þó að skapa þær aðstæður að nemendur finni fyrir skuldbindingu gagnvart skóla og samfélagi.

Mikilvægt er að aðstoða nemendur snemma við að finna námsleið við hæfi. Forsendan fyrir því er að nemendur fái snemma náms- og starfsfræðslu og tækifæri í skólanum til að spreyta sig á verkefnum sem tengjast atvinnulífi í fjölbreyttri mynd. Þetta á ekki síður við um grunnskóla en framhaldsskóla. Aðgengi að upplýsingum um nám og störf er grundvallarforsenda.

Náms- og starfsráðgjöf er, hvar sem dregið er niður fæti í umfjöllun um grunn- og framhaldsskóla, talin mjög mikilvæg fyrir nemendur, skóla og samfélag. Með öflugri náms- og starfsráðgjöf, ásamt traustum umsjónarkennurum, er talið að villuráf nemenda um skólakerfið gæti minnkað verulega. Slíkt er talið geta sparað mikla fjármuni og tíma nemenda.

Verkefnishópurinn hefur lagt sig fram um að endurspegla sjónarmið samráðsaðila með tillögum sínum um aðgerðir til að fleiri nemendum megi auðnast að ljúka námi á tilsettum tíma í framhaldsskóla.

Yfirlit yfir störf verkefnishóps

Verkefnishópurinn var skipaður á haustdögum 2014 og kom saman til fyrsta fundar 10. september 2014 og hélt 18 formlega fundi. Fulltrúar verkefnishópsins tóku þátt í þremur ráðstefnum sem snerta markmið verkefnisins auk þess sem verkefnisstjóri fór með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Danmerkur í kynnisferð um umbætur í danska framhaldsskólakerfinu. Fulltrúar í verkefnishópnum áttu fundi með samráðsaðilum í upphafi verkefnisins og funduðu eftir atvikum með þeim í vinnuferlinu. Verkefnishópurinn fékk nemendur framhaldsskóla á fund til sín, t.d. nemendur sem hafa átt brotakennda skólagöngu í framhaldsskóla. Verkefnisstjóri hefur reglulega fundað með verkefnisstjórum hvítbókar um

læsi og starfsnám og átt fundi með starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytisins um verkefnið.

Umfangsmikil gagnaöflun skipti máli við að glöggva sig á verkefninu, kynnast viðfangsefnum á þessu sviði í öðrum löndum og við úrvinnslu.

Á vegferð verkefnishópsins komu fram ýmis atriði sem hópurinn telur vert að skoða betur en eru ekki sett fram hér sem tillögur til aðgerða. Þetta eru atriði sem komið hafa fram við lestur rannsókna og skýrslna en einnig atriði sem komu upp í tillögum og umræðum fulltrúa á þjóðráðsþinginu. Verkefnishópurinn leggur ekki mat á þessi atriði en þau eru m.a.:

- Endurskipuleggja námstíma grunnskólans og framhaldsskólans þannig að nemendur brautskráist að jafnaði úr framhaldsskóla 18 ára.
- Kannaðir yrðu kostir þess að grunnskólar tækju upp áfangakerfi frá 8. bekk.
- Auka verulega verklega kennslu í grunnskólum sem tengist iðngreinum.
- Gjaldfrjáls framhaldsskóli, hvað varðar innritunar- og efnisgjöld upp að vissum aldri.
- Auðveldari aðgangur framhaldsskólanemenda að námsstyrkjum og lánsfé.

Verkefnishópurinn skipa:

Ársæll Guðmundsson, verkefnisstjóri

Ásdís Arnalds, kennari við Kvinnaskólann í Reykjavík

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Ólafur Sigurðsson, deildarstjóri framhaldsskóladeildar menntamálaráðuneytisins

Kristjana Stella Blöndal, lektor við Háskóla Íslands

Þorkell Diego, yfirkennari Verslunarskóla Íslands

Reykjavík, 31. mars 2015

F.h. verkefnishóps hvítbókar um námstíma,

Ársæll Guðmundsson, verkefnisstjóri

Markmið 1

Auka sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi

1a)	Samræmd próf. Í stað samræmdra prófa í 10. bekk verði samræmd próf við lok 9. bekkjar grunnskóla í tvennum tilgangi. Annars vegar við að greina hvort nemandi ætti að eiga þess kost að fara beint úr 9. bekk í framhaldsskóla. Hins vegar til að greina hvar skólinn kreppir hjá viðkomandi nemanda í námi svo hægt sé að vinna með það í 10. bekk.
1b)	Nám á tveimur skólastigum samtímis. Formgera samstarf milli grunn- og framhaldsskóla svo nemendur í grunnskóla geti stundað nám í einstökum áföngum í framhaldsskóla.
1c)	Endurtekning námsefnis. Skólar og ráðuneyti vinni sérstaklega gegn því að nemendur endurtaki námsefni frá fyrra skólastigi. Þetta verði fyrst og fremst gert í gegnum gerð námsbrautalýsinga og á við um grunn-, framhalds- og háskólastig.

Hluti af því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda er að gefa þeim kost á að glíma við krefjandi verkefni í námi og á leið sinni til þroska. Við lok grunnskóla eru nemendur á afar mismunandi stað hvað þetta varðar og margir tilbúnir til að takast á við verkefni á framhaldsskólastigi. Það er hvorki þeim né skólastarfinu til framdráttar að hefta för þessara nemenda í framhaldsskóla. Einnig er til mikils að vinna ef hægt er minnka það að nemendur séu að endurtaka nám eða námsefni frá fyrra skólastigi með því að efla samræðu og samhæfingu milli skólastiga.

1a) Samræmd próf

Lagt er til að samræmt próf (eitt eða fleiri) verði haldið fyrir nemendur við lok 9. bekkjar í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að kanna almenna þekkingu nemenda miðað við þau námsmarkmið sem þeir hafa stefnt að. Í öðru lagi verði niðurstaðan notuð ásamt fleiru til grundvallar ákvörðunar um hvort nemanda skuli gefast kostur á að hefja nám í framhaldsskóla að loknum 9. bekk. Hér er ekki lagt mat á form prófsins eða framkvæmd heldur lögð áhersla á að þessi möguleiki verði til staðar fyrir nemendur til að bæta þjónustuna við þá og að prófið sem nú er haldið í 10. bekk falli brott. Reikna má með að rúmlega 10% nemenda í hverjum árgangi gefist kostur á að hefja nám í framhaldsskóla eftir 9. bekk með þessum hætti. Nemendur sem halda áfram í 10. bekk ættu að geta fengið hnitmiðaðri þjónustu þ.e. greining liggur fyrir og færri nemendur verða í árganginum. Hvort nemandi fær að fara beint í framhaldsskóla eftir 9. bekk ákvarðast einnig af mati foreldra og viðkomandi skólastjórnenda. Bent er á möguleikann á rafrænum prófum sem hafa verið að ryðja sér til rúms.

Komi þessi aðgerð til framkvæmda vorið 2016 má reikna með að allt að 300 fleiri nemendur sæki um nám í framhaldskólum haustið 2016 en áætlanir gera ráð fyrir. Það kallar á sérstakt skipulag við innritun haustið 2016. Að sama skapi fækkar nemendum í 10. bekk grunnskóla. Skoða verður sérstaklega hvaða áhrif þetta hefur í skólastarfinu. Kostnaður mun einnig hljóttast af hönnun og gerð mælitækisins auk vinnu við úrvinnslu. Hins vegar verður til töluverður sparnaður í skólakerfinu til lengri tíma lítið vegna þessarar aðgerðar þar sem nemendur munu fara markvissar í gegnum námið.

1b) Nám á tveimur skólastigum samtímis

Samhliða því að nemendum verði gefinn kostur á að þreyta próf til að kanna stöðu sína og opna leið í framhaldsskóla fyrr er lagt til að grunn- og framhaldsskólastigið gangi þannig frá hnútum að nemendum og foreldrum verði ljósir möguleikar nemenda til að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis. Lagt er til að nemendum frá og með 8. bekk grunnskóla standi til boða, að uppfylltum skilyrðum, að hefja nám í einstökum áföngum á framhaldsskólastigi. Setja þarf almenn skilyrði af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en samkomulag verður að vera á milli viðkomandi grunnskóla og ákveðins framhaldsskóla. Ábyrgð á að námið standist kröfur skal vera sameiginleg milli grunnskólans og framhaldsskólans. Kostnaður vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskólum er verulegur og verða ríki og sveitarfélög að gera sérstakan samning sín á milli hvað þetta varðar. Á móti kemur að til verður verulegur sparnaður þegar nemendur færast jafnar á milli skólastiga. Nemendur sem taka áfanga á framhaldsskólastigi í grunnskóla eiga ekki að geta tekið sömu áfanga aftur í framhaldsskóla.

1c) Endurtekning námsefnis

Líta má á skil skólastiga í meginráttum sem fjóra þætti þ.e. milli leikskóla og grunnskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, framhaldsskóla og háskóla og svo önnur skil t.d. fullorðinsfræðslu og framhaldsmenntunar. Þau skil sem eru hér til umfjöllunar eru annars vegar milli grunnskóla og framhaldsskóla og hins vegar milli framhaldsskóla og háskóla. Skil er það ferli sem á sér stað þegar nemandi lýkur námi á einu stigi og hefur nám á næsta skólastigi. Skv. Gerði G. Óskarsdóttur (Skil skólastiga, 2012, bls 9,) lifa skólastigin fjögur þ.e. leik,- grunn,- framhalds- og háskólastig, fremur sjálfstæðu lífi, þróast á eigin forsendum og að miklu leyti óháð hvort öðru. Ennfremur kemur fram hjá Gerði G. Óskarsdóttur að lítið sé um rannsóknir á starfsháttum í námi og kennslu almennt.

Æskilegast er að samfella haldist í námi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Andstæðan við samfellu er rof en þegar rof verður, þ.e. umgjörð skólastarfs og starfsættir taka miklum breytingum, má gera ráð fyrir að hætta sé á að námsefni skili sér illa og brotthvarf aukist. Slík vinnubrögð koma sér illa fyrir nemendur og eru ómarkviss, þ.e. þegar nemendur fá framreitt sama námsefni og á því skólastigi sem þeir hafa nýlokið. Ekki er nóg með að samfella sé þá lítil sem engin í náminu heldur er rofið mikið. Þegar þannig árar í

skólakerfinu er samkvæmt Gerði G. Óskarsdóttur (2012, bls 16) um að ræða svokallað afturhverft rof (sem á fyrst og fremst við um inntak námsins).

Rof milli skólastiga þarf ekki alltaf að vera af hinu slæma en hér er verið að beina sjónum að inntaki námsins, hvort nemendur séu oft á tíðum að endurtaka nám í upphafi efra skólastigs. Mikilvægt er að auka samstarf skólastiganna, t.d. varðandi inntak náms og starfshætti, í þágu samfellu í námi nemenda.

Markmið 2

Auka skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og fremst nemenda

2a)	Umsjón með nemendum. Hver framhaldsskóli skipuleggi fyrir hvern nemanda sérstaka umsjón kennara/starfsmanns sem fylgist með velferð hans og námsgengi. Kennarinn/starfsmaðurinn sé í virkum samskiptum við nemandann og forráðamenn.
2b)	Kennsluhættir og námsmat. Grunn- og framhaldsskólar leggi áherslu á fjölbreytta kennsluhætti sem ýti undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og skapandi og gagnrýna hugsun. Námsmat sé einnig fjölbreytt og reyni á ólíka hæfnipætti nemenda. Þessu verði náð með markvissri starfspróun kennara og í gegnum starfspróunaráætlanir skóla og komi fram í skólasamningum.
2c)	Félagslíf nemenda. Framhaldsskólar geri árlega í samráði við nemendafélög sérstaka félagsstarfsáætlun þar sem fram koma markmið og leiðir í þeim tilgangi að efla samheldni nemenda og vinna að félagslegum þroska þeirra. Áætlunin sé gerð í samráði við nemendur og foreldra og sé í samræmi við stefnu skólans um skólabrag. (sjá 33 gr. laga um framhaldsskóla)
2d)	Forráðamenn. Gefin verði út opinber stefna og yfirlýsing af mennta- og menningarmálaráðuneytinu um aðkomu forráðamanna að menntun barna sinna. Skólar opni enn frekar dyr sínar fyrir forráðamönnun til áhrifa og ábyrgðar.
2e)	Rafræn námsgögn. Yfirvöld styðji dyggilega við útgáfu rafræns námsefnis án afritunarvarna og það gert öllum aðgengilegt.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að skuldbinding nemenda skipti miklu um námsgengi þeirra og námframvindu (Alexander, Entwisle og Kabbani, 2001; Finn, 1993; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012, 2014; Rumberger, 1995). Til að ýta undir gott námsgengi nemenda er áhersla lögð á að styrkja skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla sem og í forvörnum gegn brotthvarfi og í vinnu með nemendum sem eiga á hættu að hverfa frá námi (Christenson og Reschly, 2010; Dynarski o.fl., 2008). Unglingsárin virðast sérstakur áhættutími því skuldbinding nemenda virðist að jafnaði minnka á þeim árum (Eccles o.fl., 1993; Wang og Eccles, 2012).

Skuldbinding til náms og skóla birtist í:

- hegðun nemenda (skólahegðun, virkni í námi og félagslífi skólans)
- tilfinningum (jákvæð og neikvæð tilfinningaleg viðbrögð gagnvart námi, samnemendum, starfsfólki skólans og skólanum almennt)
- hugsun (vilji nemenda til að leggja sig fram og ná langt í námi).

2a) Umsjón með nemendum

Mikilvægt er talið fyrir skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla að þeir upplifi persónuleg tengsl í skólaumhverfinu. Bent hefur verið á að ein ástæða þess að skuldbinding til náms og skóla minnki að jafnaði á unglingsárum sé ópersónulegra skólaumhverfi, til dæmis vegna þess að nemendur eru með mun fleiri kennara á unglingastigi en á fyrri skólastigum (Eccles o.fl., 1993; Wang og Eccles, 2012; Wang og Holcombe, 2010). Í langtímarannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla* sem náði til allra framhaldsskóla landsins kom fram að því meiri stuðning sem nemendur fengu frá kennurum því meira samsömuðu þeir sig skólanum og því virkari voru þeir í námi (Svandís Sturludóttir, 2012).

Koma þarf umsjón með nemendum í framhaldsskólum á fastari grunn en nú er en misjafnt er milli skóla hvernig henni er háttað. Skólar þurfa að geta veitt nemendum markvissa umsjón. Umsjónaraðili getur gegnt lykilhlutverki ef nemendur eru í vanda staddir og með góðri umsjón og eftirfylgni má ætla að meiri líkur séu á því að nemandinn skuldbindi sig skólanum. Ontario-fylki setti sér m.a. það markmið í umbótum sem hófust árið 2003 að fleiri nemendur í framhaldsskólum myndu ljúka námi á tilsettum tíma. Í eigindlegri rannsókn sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið í Ontario, *Early School Leavers: Understanding the Lived Reality of Student Disengagement from Secondary School* kom meðal annars fram að utanumhald og umsjón væri einn lykilþátta þegar kæmi að því að koma í veg fyrir brotthvarf (Ferguson o.fl., 2005). Í úttekt sem unnin var í Hollandi á stefnu sem sett var fram í þeim tilgangi að minnka brotthvarf er umsjón/leiðsögn einnig nefnd sem lykilþáttur (De Witte og Cabus, 2010).

Í rannsókninni *Student Disengagement in Relation to Expected and Unexpected Educational Pathways* komust rannsakendur m.a. að þeirri niðurstöðu að viðhorf nemenda til náms og skóla geti gefið vísbendingar um hver skuldbinding nemenda til skóla er en lítil skuldbinding eykur líkur á brotthvarfi (Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012). Samskipti umsjónaraðila og nemenda þurfa að vera virk til að hægt sé að meta þessi viðhorf og þar með hve skuldbindingin er mikil.

Stjórnendur framhaldsskóla eru lykilpersónur þegar kemur að því að skipuleggja umsjón með nemendum. Gera þarf ráð fyrir þessum þætti skólastarfsins í fjárveitingum til framhaldsskóla en þessi umsjón er viðameiri en sú umsjón sem tiltekin er í kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra frá 4. apríl 2014. Reiknað er með að til viðbótar því umfangi sem nú er í umsjón í framhaldsskólum bætist við 3 klst. vinna á viku í 36 vikur að jafnaði í hverjum framhaldsskóla. Þessi starfsmaður hafi umsjón með nemendum og skipuleggi almennt umsjónarstarf innan viðkomandi skóla. Lagt er til að þegar haustið 2015 verði komið á virku samstarfi framhaldsskóla við að efla þátt umsjónar í skólastarfinu.

2b) Kennsluhættir og námsmat

Mikilvægt er talið fyrir skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla að þeir upplifi sjálfræði (autonomy). Unglingsárin virðast sérstakur áhættutími því skuldbinding nemenda til náms og skóla virðist að jafnaði minnka á þeim árum. Breytingar á kennsluháttum miðað við

fyrri námsstig hafa verið nefndar sem möguleg orsök þessarar þróunar, það er formlegra námsmat, meiri agi og færri tækifæri fyrir nemendur til ákvarðanatöku (Eccles o.fl., 1993; Wang og Eccles, 2012). Ein af ályktunum Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) sem hún dró af rannsókn sinni á skilum grunn- og framhaldsskóla var að sjálfræði nemenda um val á viðfangsefnum og framgang námsins þyrfti að auka til að hugmyndauðgi þeirra og frumkvæði fengi notið sín í mun meira mæli en nú er. Einnig lagði hún til að dregið yrði úr kennslu í formi fyrirlestra og í staðinn yrði stórauðin samvinna nemenda og litið á nemendur og kennara sem samstarfsfólk í lærdómssamfélagi.

Í kjarasamningi framhaldsskólakennara eru 80 klst. af vinnutíma framhaldsskólakennara ætlaðar til símenntunar utan starfstíma skóla. Tryggja þarf gott aðgengi að símenntunarumhverfi, s.s. starfssamfélög á netinu, upplýsingaveitur, námskeið og fleira. Sérstaklega þarf að huga að námsframboði fyrir kennara utan starfstíma skóla svo það fari saman við þann tíma sem þeim er ætlaður til símenntunar. Háskólar sem mennta kennara þurfa að vera í nánú samstarfi við kennara á því skólastigi sem kennt er fyrir, miðla rannsóknum og taka þátt í starfsþróun kennara. Hvatt er til að nota nútímatækni til miðlunar og kennslu til að tryggja aðgengi allra kennara án kostnaðarauka vegna búsetu eða aðstæðna.

2c) Félagslíf nemenda

Í rannsókn sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið í Ontario, *Early School Leavers: Understanding the Lived Reality of Student Disengagement from Secondary School*, kom fram að einn áhættuþáttur tengdur brotthvarfi væri að nemandi teldi sig ekki tilheyra skólamenningunni og skólasamfélaginu (Ferguson o.fl., 2005). Hluti af því að nemandi skuldbindi sig skóla og námi er að honum finnist hann tilheyra skólasamfélaginu. Félagslíf nemenda getur þar gegnt lykilhlutverki og mikilvægt að nemendafélög vinni að því í samráði við skólann og forráðamenn að efla samheldni og skólabrag. Til að ná víðtækum árangri er lagt til að átak verði gert miðlægt með aðkomu og undir stjórn Félags íslenskra framhaldsskóla. Mikilvægt er að litið verði á félagslíf nemenda sem órjúfanlegan þátt skólastarfsins í ferli nemenda til aukinnar hæfni og þroska.

2d) Forráðamenn

Forráðamenn skipta miklu máli varðandi menntun og velferð barna sinna í námi og allri skólagöngu. Samkvæmt stefnumótunaryfirlýsingu yfirvalda í Ontario frá árinu 2010 um aðkomu forráðamanna að skólum og skólagöngu barnanna þá eru áhrif þeirra og framlag til skólamála verðmæt og sem samstarfsaðilar kennara, skóla og sveitarfélaga. Forráðamenn gegna miklu hlutverki, að mati skólamálayfirvalda í Ontario, sem leiðtogar barna sinna og leiðbeinendur. Þeir skipta miklu máli sem fyrirmyndir og við að veita börnum sínum almennan stuðning í námi. Mikilvægast af öllu er að forráðamenn láti sig nám og skólagöngu barna sinna miklu varða. Það er mikilvægt að skólar búi þannig um hnútana að öllum foreldrum finnist þeir hluti af skólastarfinu, ævinlega velkomnir og að þátttaka þeirra sé eftirsóknarverð.

Rannsóknir sýna að þegar foreldrar eru áhugasamir um skólagöngu barna sinna þá gengur nemendum betur í námi og í skólastarfi. Einnig sýna rannsóknir að skólarnir sjálfir verði betri sem slíkir með aukinn aðkomu forráðamanna að starfsemi þeirra (Parents in Partnership, 2010, bls. 5)

Á unglingsárunum, sem einkennast af sálfélagslegum og líkamlegum breytingum, standa ungmennin frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum er lúta að menntun þeirra; val á námi og skóla á nýju skólastigi. Á sama tíma aukast námskröfurnar, og skólaumhverfið verður flóknara og oft ópersónulegra (Eccles o.fl., 1993; Wang og Holcombe, 2010). Samskipti foreldra og barna sem einkennast af tilfinningalegum stuðningi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrarnir sýna börnum sínum viðurkenningu, setja þeim mörk með útskýringum og hvetja þau til að hugsa sjálfstætt, geta auðveldað ungmennunum að takast á við þessar áskoranir. Til dæmis með því að ýta undir jákvæða skólahegðun og tilfinningar í garð náms og skóla og þannig aukið líkur á að þau ljúki námi.

Á þessum mikilvæga tímamarki í síðustu bekkjum grunnskólans geta tilfinningar nemenda í garð náms og skóla og hegðun þeirra þar ásamt því hvernig skuldbinding þeirra þróast frá 14 til 15 ára aldurs skipt sköpum fyrir skólagöngu þeirra (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014).

Lagt er til að skólar marki sér formlega stefnu um aðkomu forráðamanna að skólastarfinu og hvernig skólinn leggi foreldrum lið svo þeir geti aðstoðað börn sín í námi og félagslífi innan skólans.

2e) Rafræn námsgögn

Tækninni við gerð rafrænna námsgagna fleygir ört fram og eign nemenda á rafrænum lestækjum er orðin almenn. Kynslóðir ungmenna koma nú í framhaldsskóla sem þekkja rafræna miðla frá blautu barnsbeini. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem nemendur búa yfir af notkun rafrænna miðla í menntunarlegum tilgangi og bjóða námsefni á því formi sem nemendum er tamt að nota. Stefna ber að því að rafræn námsgögn standi nemendum til boða í öllum námsgreinum og að boðnir verði styrkir til námsefnisgerðar til kennara með því skilyrði að afurðin sé aðgengileg í miðlægum opnum gagnagrunni. Samið verði um notkun á erlendu efni og því miðlað. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi markvisst að innleiðingu rafræns námsefnis í framhaldsskólum og stuðli að greiðum aðgangi nemenda að námsefni á rafrænu formi.

Markmið 3

Minnka brotthvarf nemenda úr námi

3a)	Greining nemenda í brotthvarfshættu - skimun. Grunn- og framhaldsskólar skimi eftir nemendum í brotthvarfshættu á skipulagðan hátt.
3b)	Skipulögð vinna með nemendur í brotthvarfshættu. Skólar geri aðgerðaráætlun byggða á gagnreyndum aðferðum til að vinna skipulega með nemendur í brotthvarfshættu.
3c)	Sérstakur stuðningur (fjárveitingar) verði veittur til framhaldsskóla eftir fjölda nemenda í brotthvarfshættu sem sækja skólann.
3d)	Eftirfylgni. Ríki, sveitarfélög, framhaldsskólar og Vinnumálastofnun taki höndum saman um skipulagningu þjónustu fyrir ungt fólk sem hverfur frá námi á framhaldsskólastigi án þess að ljúka formlegu prófi.
3e)	Velferðarþjónusta. Framhaldsskólar hafi svigrúm til að veita nemendum sínum sálfræðiráðgjöf/sérfræðiráðgjöf auk þeirrar heilbrigðisþjónustu sem um getur í 36. gr. laga um framhaldsskóla.

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla á Íslandi er óviðunandi og mjög brýnt að hafist verði handa á grunn- og framhaldsskólastigi með markvissar og víðtækar aðgerðir til að sporna við því. Talið er gerlegt að greina nemendur sem koma til með að eiga á hættu að hverfa frá námi, án skilgreindra námsloka í framhaldsskóla, þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Með sameiginlegu og meðvituðu átaki allra grunn- og framhaldsskóla er hægt að minnka verulega brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla. Æskilegt væri að skólar hefðu aðgang að sértækri ráðgjöf í þessum efnum. Ákveðnir hópar nemenda eru t.d. taldir í meiri brotthvarfshættu en aðrir og má þar nefna börn innflytjenda sem þyrftu sérstakan stuðning með íslenskukennslu auk aðgerða til að auðvelda þeim að aðlagast félagslega. Einnig er nauðsynlegt að huga að alhliða stuðningi við nemendur í framhaldsskólum svo þeir fái viðhlítandi þjónustu við þeim vandamálum sem valda þeim erfiðleikum í námi. Þar að auki er nauðsynlegt að fylgja ungu fólki eftir þegar það hverfur frá námi án skilgreindra námsloka til að auðvelda þeim bjargir og inngöngu í skólakerfið að nýju snúi vilji þeirra til þess. Þættir 3a) og 3b) eru nátengdir þar sem um ákveðið ferli er að ræða. Lagt er til að ríki og sveitarfélög taki höndum saman og hrindi af stað formlegu átaki við að finna nemendur í brotthvarfshættu, greina vandann og taka skipulega á honum á heildstæðan hátt. Komið verði á sérstöku undirbúningsteymi sem vinni að innleiðingu átaksins gegn brotthvarfi í grunn- og framhaldsskólum.

3a) Greining nemenda í brotthvarfshættu - skimun

Í kenningum um brotthvarf er **skuldbinding nemenda** í lykilhlutverki. Litið er á **brotthvarf sem afleiðingu ferlis** þar sem nemandinn verður smám saman afhuga námi og skóla (Finn, 1989); skólinn höfði ekki nægilega til þessara nemenda, þeir taki lítinn þátt í námi og félagslífi skólans, sjái ekki tilgang með náminu, skorti metnað og framtíðarsýn og samsami sig ekki

skólanum. Gert er ráð fyrir að greina megi hegðun, hugsun og tilfinningar nemenda sem setji þá í áhættu gagnvart brotthvarfi, sem bæði tengist námi þeirra og félagslegum þáttum. Eftir því sem skuldbinding nemenda minnkar því meiri hætta er á að þeir hverfi frá námi, jafnvel þeir nemendur sem eru sterkir námslega (Alexander o.fl., 2001; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012).

Rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2012) sýndi að þeir nemendur sem skuldbinding minnkaði hjá í síðustu bekkjum grunnskóla höfðu síður lokið framhaldsskóla sjö árum síðar en aðrir nemendur og átti það einnig við um þá sem voru sterkir námslega. Í annarri íslenskri rannsókn kom fram að samanborið við nemendur sem voru á réttu róli í framhaldsskólanámi sýndu þeir sem voru á eftir áætlun í námi neikvæðari hegðun í skólanum, tóku minni þátt í kennslustundum og í félagslífinu, samsömuðu sig minna skólanum og höfðu minni metnað í námi (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, óbirt handrit).

3b) Skipulögð vinna með nemendur í brotthvarfshættu

Í nýlegri handbók þekktra bandarískra fræðimanna á sviðinu (Dynarski o.fl., 2008) um árangursríkar brotthvarfsaðgerðir var það samdóma álit þeirra að til að ýta undir gott námsgengi og koma í veg fyrir brotthvarf skuli sjónum beint að skuldbindingu nemenda og samspili þeirra við umhverfi sitt, skólann, fjölskylduna og samfélagið (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009, 2012, 2014; Rumberger og Lim, 2008; Wang og Eccles, 2012).

Eftirfarandi líkan byggist á fyrrnefndri handbók og samantekt White og Kelly (2010) á gagnreyndum aðferðum gegn brotthvarfi sem beinast að því að viðhalda og auka skuldbindingu nemenda til náms og skóla. Áhersla var lögð á að beina sjónum bæði að áhættu- og verndandi þáttum hjá nemandanum sjálfum og umhverfi hans. Gengið er út frá því að því fyrr sem gripið er til aðgerða því meiri líkur á árangri. Jafnframt er bent á að mikilvægt sé að byggja inn í aðgerðir mælingar á árangri til skamms og langs tíma. Mat á árangri beinist bæði að skuldbindingu nemenda og útskriftum/brotthvarfi.

Í þessu samhengi má benda á að þeir sem hætta eru mjög fjölbreyttur hópur sem mikilvægt er að hafa í huga í forvarnarstarfi. Meðal annars hefur komið í ljós að sá hópur sem hættir snemma hættir af öðrum ástæðum en þeir sem hætta með meira nám að baki (Stearns og Glennie, 2006).

Gagnreyndar leiðir til að auka skuldbindingu nemenda

Greinandi aðferðir	Greina umfang brotthvarfs í skólanum → Forvarnir Skilgreina nemendur í brotthvarfshættu → Inngrip
Inngrip	Félagslegur stuðningur (mentor/ jafningjakerfi) til að ýta undir skuldbindingu nemenda námslega og félagslega Stuðningur við nám, eftirfylgni, "sérkennsla" (alternative programs) Stuðla að persónu og félaglegum þroska
Forvarnir	Fagbróun kennara Persónulegt námsumhverfi Náms- og starfsráðgjöf Félagslegur stuðningur til að ýta undir félagslega aðlögun Stuðla að þátttöku foreldra

Lagt er til að ráðuneytið komi á fót formlegum samstarfsvettvangi í kringum markmið sem gefin verði út í tengslum við baráttuna við brotthvarfið en Ísland þarf að vera með sömu viðmið og nágrannalöndin, þ.e. að brotthvarf í framhaldsskólum verði komið niður fyrir 10% árið 2020. Í aðgerðaráætlun skóla verði einnig fjallað um hvernig hægt verði að ná til nemenda sem hafa horfið frá námi til að virkja þá aftur til náms eða vísa þeim leiðina þangað að nýju.

3c) Sérstakur stuðningur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um meðaleinkunnir grunnskólanemenda eftir því í hvaða framhaldsskóla þeir innritast. Kemur í ljós gríðarlegur munur sem kallar á mismunandi þjónustu við nemendur innan framhaldsskólanna vegna þess hve nemendahópurinn er ólíkur. Ætla má að þeir skólar sem taka við mörgum námslega illa stöddum nemendum megi búast við mun meira brotthvarfi þeirra frá námi en skólar sem innrita nær eingöngu nemendur með háar einkunnir. Í annan stað má ætla að félagsleg staða nemenda sem eiga erfitt uppdráttar í námi sé lakari en hinna en rannsóknir sýna að félagsleg staða ræður miklu þegar kemur að brotthvarfi. Rekstrarlíkön fyrir íslenska framhaldsskóla hefur mikið byggt á þeim fjölda nemenda sem lýkur prófi en styður minna við innra starf þeirra skóla sem eru að mennta og þjónusta nemendur í mikilli brotthvarfshættu. Mikilvægt er að greina betur nemendasamsetningu einstakra framhaldsskóla og styrkja sérstaklega þá starfssemi sem lýtur að þjónustu við nemendur í brotthvarfshættu. Í aðgerðarþætti 3c) er lagt til að beinn fjárstuðningur komi til þeirra skóla sem eru með hátt hlutfall nemenda í brotthvarfshættu en þetta fjármagn verði eyrnamerkt sérstöku átaki til að tryggja eins og kostur er skólagöngu þessara nemenda. Ráðuneytið setji viðmið hvað úthlutun þessa fjármagns varðar.

3d) Eftirfylgni

Lagt er til að sett verði á laggirnar þjónusta í tengslum við nemendur sem hverfa frá námi í framhaldsskóla án þess að ljúka formlegu prófi, þ.e. kerfisbundinni eftirfylgni. Þessi þjónusta haldi einnig utan um allar upplýsingar um brotthvarfsnemendur og miðli þeim upplýsingum

til þeirra sem málið varðar. Markmiðið með eftirfylgnikerfinu er að greiða götu brotthvarfsmemenda aftur í nám, aðstoða þá við að komast í starf eða endurhæfingu og tryggja þeim upplýsingar um hvaða möguleikar og leiðir standi þeim til boða. Þessi aðgerðapáttur er að norskri fyrirmynd (*Forskrift til opplæringslova, kafli 13*). Í samtölum verkefnahópsins við brotthvarfsmemendur úr íslenskum framhaldsskólum komu sterkt fram erfiðleikarnir við að hafa sig aftur í nám eða inn í skóla eftir að hafa horfið frá námi. Mikilvægt er að mennta- og menningarmálaráðuneytið, framhaldsskólar, sveitarfélög og Vinnumálastofnun komi að skipulagningu eftirfyllgninnar.

3e) Velferðarþjónusta

Í auknum mæli hefur þjónusta skóla (og þá helst náms- og starfsráðgjafa) við nemendur verið að færast yfir á svið velferðarþjónustu og um leið tekið tíma og krafta sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf og annarra starfsmanna skóla. Félag náms- og starfsráðgjafa var einn samráðshópur verkefnishópsins og í innsendri skýrslu félagsins kom fram að þjónusta við nemendur með erfið persónuleg vandamál, s.s. kvíða og þunglyndi væri oft á kostnað náms- og starfsfræðslu. Lagði félagið m.a. til að sálfræðiþjónusta yrði eflað í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynlegt er að horfast í augu við þann veruleika að nemendur koma með sín vandamál inn í skólana og þar er verið að leita lausna til að sálrænir veikleikar eða slæm félagsleg staða komi ekki niður á námi nemenda. Í stað þess að vísa nemendum í vanda frá skóla og í kerfi sem að takmörkuðu leyti getur sinnt nemendum er lagt til að þjónustan verði veitt þar sem hennar er mest þörf, þ.e. í skólunum. Til þess að svo megi verða þarf að rýmka heimildir skóla til að ráða til sín sérfræðinga á sviði sálrænna vandamála.

Markmið 4

Auka ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu, fyrir nemendur, forráðamenn og almenning

4a)	Náms- og starfsráðgjöf. Sveitarfélög og ríki sjái til þess að náms- og starfsráðgjöf verði í boði fyrir alla nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Lagt er til að náms- og starfsfræðsla verði sett inn á stundaskrá nemenda í grunnskólum.
4b)	Upplýsingagátt. Upplýsingar um allar námsleiðir á framhalds- og háskólastigi, hvert þær leiða og störf á íslenskum vinnumarkaði. Einnig verði þar upplýsingar um framboð og fyrirkomulag náms í fjar- og dreifnámi.
4c)	Nám við hæfi. Átak við kynningu í efri bekkjum grunnskóla á námsleiðum framhaldsskóla, háskóla og störfum í tengslum við nám og vinnumarkað.
4d)	Fjarnám. Nemendur í fjarnámi fái notið sömu stoðþjónustu og dagskólanemendur. Sérstakt átak verði gert í símenntun kennara í aðferðafræði fjarnáms og um verkfæri sem nýtist í fjarkennslu.

Mikilvægt er að auka sýnileika þeirra möguleika sem standa fólki til boða varðandi námsleiðir og námsaðferðir. Örar tækniframfarir á sviði fjarskipta hafa opnað mikla möguleika fyrir fólk til að mennta sig og að nálgast upplýsingar um menntun og störf í samfélaginu. Það er mikið hagsmunamál fyrir samfélagið að nýta alla möguleika til að auðvelda fólki að mennta sig og til að velja leið við hæfi í menntun og til starfa. Náms- og starfsráðgjöf er tilgreind í lögum um grunn- og framhaldsskóla en eftir því sem næst verður komist er víða pottur brotinn hvað þjónustu við nemendur varðar, þrátt fyrir að hvarvetna séu vísbendingar um að þessi þáttur skólastarfsins geti hjálpað mörgum.

4a) Náms- og starfsráðgjöf

Í nútímasamfélagi er mikilvægt hlutverk náms- og starfsráðgjafar að hvetja alla einstaklinga til að skipuleggja náms- og starfsferil sinn, að taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og að gera þeim kleift að bregðast við af meiri sveigjanleika við þeim tækifærum sem þeim bjóðast á vinnumarkaði (OECD, 2004). Markmið náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu er að nemendur öðlist leikni til að stjórna náms- og starfsferli sínum á farsælan hátt. Félag náms- og starfsráðgjafa lagði það til við verkefnisstjórnina að náms- og starfsfræðsla yrði hluti af námi nemenda þar sem unnið yrði að því á markvissan hátt að finna styrkleika, hæfni og áhuga hvers nemanda til að finna hugsanlegar námsleiðir og störf. Til dæmis gætu nemendur unnið jafnt og þétt að einhvers konar færnimöppu (portfolio) þar sem fram kæmu styrkleikar þeirra, áhugi og hæfileikar.

Rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmisdóttur (2000, 2007, 2010) benda til þess að náms- og starfsfræðsla geti aukið hæfni nemenda til ákvarðanatöku um námsval í framhaldsskóla. Jafnframt sýna þær að með því að ýta undir skipulagða hugsun ungmenna um störf megi draga úr líkum á að þeir hverfi frá námi. Benda þessar niðurstöður til þess að markviss og aukin náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur geti dregið úr brotthvarfi frá námi. Jafnframt

má velta fyrir sér í ljósi mikillar áherslu á bóknám hér á landi hvort náms- og starfsfræðsla til foreldra og kennara gæti stuðlað að ígrundaðra námsvali ungmenna.

Aðgerðarþáttur 4a) snýst að megninu til um 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og í 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Mikilvægi náms- og starfsráðgjafar er talið vera mjög mikið þegar kemur að forvörnum varðandi brotthvarf. Lagt er til að bæði skólastigin geri gangskör að því að allir nemendur og forráðamenn þeirra fái notið öflugrar náms- og starfsráðgjafar. Í tengslum við þennan þátt er liður 3c) þar sem undirstrikað er mikilvægi þess að nemendur séu vel upplýstir áður en þeir velja námsleið í framhaldsskóla. Lagt er til að skólar efli samstarfið við atvinnulífið í þessu augnamiði og geri það jafnvel formlegt.

4b) Upplýsingagátt

Upplýsingagáttin gefi greinargóðar upplýsingar um námsleiðir, undirbúning, hæfniviðmið, kostnað, skuldbindingar og hvernig sótt er um nám. Safnað sé sem mestum upplýsingum um störf á Íslandi og þau sett í samhengi við nám þar sem við á. Á upplýsingagáttinni verði hægt að leita eftir aðstoð náms- og starfsráðgjafa netleiðis eða í síma. Þegar er til vísir að upplýsingagátt sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) hafa unnið að í samstarfi við ýmsa aðila í þjóðfélaginu. Æskilegt væri að kraftar yrðu sameinaðir í eina öflugra upplýsingagátt sem þjónað gæti breiðum hópi fólks og því er lagt til að sú leið yrði könnuð fyrst.

Reikna má með að kostnaður vegna eins starfsmanns á ári auk aðbúnaðar, tækja og gagna sé um kr. 15 milljónir. Auk þess þarf árið 2016 að gera samning við náms- og starfsráðgjafa um að veita rafræna þjónustu en umfang hennar ræðst í framtíðinni af eftirspurn. Reikna má með náms- og starfsráðgjafa í 40% starfi á ári í tengslum við þetta verkefni.

4c) Nám við hæfi

Meðal ástæðna sem taldar hafa verið fyrir miklu brotthvarfi hér á landi er að margir fari ekki í nám við hæfi. Námsval nemenda sé oft lítt ígrundað og áhersla á bóknám í samfélaginu.

Sérstaða liggur meðal annars í því að nemendur á framhaldsskólastigi velja mun sjaldnar starfsnám hér á landi en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum OECD (OECD, 2012). Rannsóknir gefa vísbendingar um að lítt ígrundað námsval nemenda geti verið ein af margvíslegum ástæðum fyrir brotthvarfi frá námi (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007).

Nýleg íslensk rannsókn á tengslum óvissu um námsval og skuldbindingu framhaldsskólanema rennir stoðum undir þessar skýringar (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013). Þar kom fram að eftir því sem nemendur voru óvissari um námsval sitt, því líklegri voru þeir til að sýna neikvæða námshegðun, því minna samsömuðu þeir sig skólanum og því minni var metnaður þeirra og framtíðarsýn óljósari. Bendir þetta til mikilvægis náms- og starfsfræðslu og að gera megri hana öflugri og markvissari hér á landi. Lagt er til að sérstakt átak verði gert til að efla kynningu starfa fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla í samstarfi við atvinnulífið og nærumhverfi skóla.

4d) Fjarnám

Mikilvægt er að kennurum bjóðist menntun til að kenna í fjarnámi og myndað verði stuðningsnet fjárnáms á Íslandi. Nemendum í fjarnámi hefur fjölgað jafnt og þétt en árið 1997 voru þeir 323 í framhaldsskólum, árið 2004 stunduðu 2271 nemandi nám í fjarnámi en árið 2009 voru þeir orðnir 5200. Tækninni hefur fleygt fram og kennsluaðferðirnar orðnar margvíslegar. Framhaldsskólar hafa upp á síðkastið tekið höndum saman við að kenna fámenna áfanga í samstarfi í fjarnámi. Mikilvægt er að til verði upplýsingaveita um aðferðafræði fjárnáms og safn verkfæra til notkunar í fjarnámi. Áhersla verði lögð á uppbyggingu starfssamfélags fjarkennara og kennslufræðilegan stuðning við þá.

Heimildir

- Alexander, K. L., Entwisle, D. R. og Kabbani, N. S. (2001). The dropout process in life course perspective: Early risk factors at home and school. *Teachers College Record*, 103(5), 760–822.
- Christenson, S. L. og Reschly, A. L. (2010). Check and connect. Enhancing school completion through student engagement. Í B. Doll, W. Pfohl, og J. Yoon (ritstjórar), *Handbook of youth prevention science* (bls. 327–348). New York: Routledge.
- De Witte, K, Cabus, S.J. (2010). *Dropout Prevention Measures in the Netherlands, an Evaluation*. Maastricht: Maastricht University. Sótt af http://feb.kuleuven.be/eng/ew/papers_edupol/DE%20WITTE.pdf
- Dynarski, M., Clarke, L., Cobb, B., Finn, J., Rumberger, R. og Smink, J. (2008). *Dropout prevention: A practice guide* (NCEE 2008–4025). Washington: Institute of Education Sciences, U.S. Department of Education. Sótt af <http://ies.ed.gov/ncee/www>
- Eccles, J. S., Wigfield, A., Midgley, C., Reuman, D., Mac Iver, D., & Feldlaufer, H. (1993). Negative effects of traditional middle schools on students' motivation. *The Elementary School Journal*, 93(5), 553–574.
- Eifred Marcusen (red.). (2010). *Frafall i utdanning for 16 – 20 áringar i Norden*. TemaNord 2010:517.
- Eurydice and Eurostat report. (2014). *Early Childhood, Education and Care in Europe*. Education, Audiovisual and Culture Executive Agency, 2024.
- Ferguson B., Tilleczeck, K., Boydell, K., Rummens, J.A., Cote, D og Roth-Edney, D. (2005). *Early School Leavers: Understanding the Lived Reality of Student Disengagement from Secondary School*. Ontario: Ontario Ministry of Education and Training. Sótt af <http://www.edu.gov.on.ca/eng/parents/schoolleavers.pdf>
- Finn, J. D. (1989). Withdrawing from school. *Review of Educational Research*, 59, 117–142.
- Finn, J. D. (1993). *School engagement and students at risk*. Washington: National Center for Education statistics.
- Forsætisráðuneytið. (2012). Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi. Tillögur til samþættingar menntunar og atvinnu. Reykjavík.
- Forskrift til opplæringslova 2013. Sótt af <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2006-06-23-724>
- Fundargerðir Menntaskólanefndar 1963 – 1965.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk í grunnskóla. *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9, 37–55.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2007). Outcomes of two different methods in career education. *Journal of Educational and Vocational Guidance*, 7, 97–110.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development*, 1, 1–15.
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla*, 12. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf

- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. Á réttu róli í námi. Skuldbinding framhaldsskólanema í tengslum við námsframvindu þeirra. *Óbirt handrit*.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2009). Parenting practices and school dropout: A longitudinal study. *Adolescence* 44, 729–749.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56, 85–100.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012, 2014). Parenting in Relation to School Dropout through Student Engagement: A Longitudinal Study. *Journal of Marriage and Family*, 76, 778–795.
- OECD. (2004). Career guidance. A handbook for policy makers. París: Organization for Economic Co-operation and Develop.
- OECD. (2012). *Education at a glance 2012: OECD indicators*.
- OECD. (2014). *Education at a glance 2012: OECD indicators*.
- Parents in Partnership. A Parent Engagement Policy for Ontario Schools (2010). Sótt af http://www.edu.gov.on.ca/eng/parents/involvement/pe_policy2010.pdf
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583–625.
- Rumberger, R. W. og Lim, S. A. (2008). *Why students drop out of school: A review of 25 years of research*. California dropout research project. Sótt af <http://www.slocounty.ca.gov/Assets/CSN/PDF/Flyer+-+Why+students+drop+out.pdf>
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and facilitation of intrinsic motivation, social development, and well-being. *American Psychologist*, 55, 68–78.
- Scheel, M. J. og Gonzalez, J. (2007). An investigation of a model of academic motivation for school counseling. *Professional School Counseling*, 11, 49–56.
- Skýrsla um styttingu námstíma til stúdentsprófs. (2003). Menntamálaráðuneytið.
- Stearns, E. og Glennie, E. J. (2006). When and why dropouts leave high school. *Youth and Society*, 38, 29–57.
- Svandís Sturludóttir. (2012). *Skuldbinding nemenda til náms. Stuðningur foreldra, kennara og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla*. (óútgefin meistararitgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Svör við spurningum Menntaskólanefndar. Reykjavík 1964.
- Sölvi Sveinsson. (2009). Skýrsla um fjarnám. Menntamálaráðuneytið.
- Wang, M. T. og Eccles, J. S. (2012). Social support matters: Longitudinal effects of social support on three dimensions of school engagement from middle to high school. *Child Development*, 83, 877–895.
- Wang, M. T. og Holcombe, R. (2010). Adolescents' perceptions of school environment, engagement, and academic achievement in middle school. *American Educational Research Journal*, 47, 633–662.
- White, S. W. & Kelly F. D. (2010). The school counselor's role in school dropout prevention. *Journal of Counseling & Development*, 88, 227 – 235.

Pátttakendur á Þjóðráðsþingi 11. desember 2014

Hópavinna (*Vinna á borði 2 féll niður vegna ófærðar af landsbyggðinni*)

Borð 1

Umræðustjóri: Eyrún Valsdóttir

Ritari: Ársæll Guðmundsson

Fulltrúar: Anna María Gunnarsdóttir KÍ, Eyrún Valsdóttir ASÍ, Guðbjörg Aðalbergdóttir SMÍ, Guðrún Eyjólfsdóttir SA, Sesselja Pétursdóttir FNS og Þorsteinn Sæberg SÍS.

Borð 3

Umræðustjóri: Klara E. Finnbogadóttir

Ritari: Ásdís Arnalds

Fulltrúar: Anna Lóa Ólafsdóttir FNS, Halldór Arnar Guðmundsson ASÍ, Ingibjörg Guðmundsdóttir SMÍ, Klara E. Finnbogadóttir SÍS, Kolbrún Elfa Sigurðardóttir KÍ og Kristín Lúðvíksdóttir SA.

Borð 4

Umræðustjóri: Guðríður Arnardóttir

Ritari: Ólafur Sigurðsson

Fulltrúar: Atli V. Harðarson HÍ, Fjóla Jónsdóttir ASÍ, Guðríður Arnardóttir KÍ, Valgerður F. Ágústsdóttir SÍS, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir SA, María Guðmundsdóttir SA.

Borð 5

Umræðustjóri: Þuríður Jóhannsdóttir

Ritari: Stella Blöndal

Fulltrúar: Guðrún Vala Elísdóttir FNS, Guðbjörg Ragnarsdóttir (í stað Ólafs Loftssonar) KÍ, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir ASÍ, Þuríður Jóhannsdóttir HÍ, Jónas Torfason SÍF og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SI.

Borð 6

Umræðustjóri: Ólafur H. Sigurjónsson

Ritari: Þorkell Diego

Fulltrúar: Svandís Ingimundardóttir SÍS, Krístrún Birgisdóttir MMS, Guðfinna Ármannsdóttir Heimili og skóli, Áslaug Thorlacius SA, Ólafur H. Sigurjónsson KÍ, Valgerður Ágústsdóttir SÍS

Borð 7

Umræðustjóri: Dagný Broddadóttir

Ritari: Þór Pálsson

Fulltrúar: Aðalheiður Steingrímsdóttir KÍ, Dagný Broddadóttir FNS, Ásdís Birgisdóttir FNS, Finnbjörn A Hermannsson ASÍ, Guðlaug Erla Gunnarsdóttir SÍS, Benedikt Traustason SÍF og Þór Pálsson SMÍ.

Nafnalisti þátttakenda á þjóðráðsþingi

Aðalheiður Steingrímisdóttir, KÍ
Anna Lóa Ólafsdóttir, FNS
Ársæll Guðmundsson, verkefnishópi
Anna María Gunnarsdóttir, KÍ
Ásdís Arnalds, verkefnishópi
Ásdís Birgisdóttir, FNS
Áslaug Thorlacius, SA
Benedikt Traustason, SÍF
Dagný Broddadóttir, FNS
Eyrún Valsdóttir, ASÍ
Finnbjörn A Hermannsson, ASÍ
Fjóla Jónsdóttir, ASÍ
Guðbjörg Aðalbergisdóttir SMÍ
Guðbjörg Ragnarsdóttir, KÍ
Guðfinna Ármannsdóttir, Heimili og skóli
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Samband ísl. sv.fél.
Guðríður Arnardóttir, KÍ
Guðrún Eyjólfisdóttir, SA
Halldór Arnar Guðmundsson, ASÍ

Ingibjörg Guðmundsdóttir, SMÍ
Jónas Torfason, SÍF
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, SI
Klara E. Finnbogadóttir, Samband ísl. sv.fél.
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, KÍ
Kristín Lúðvíksdóttir, SA
Kristrún Birgisdóttir, MMS
María Guðmundsdóttir, SA
Ólafur Sigurðsson, verkefnishópi
Atli V. Harðarson, HÍ
Sesselja Pétursdóttir, FNS
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, ASÍ
Stella Blöndal, verkefnishópi
Guðrún Vala Elísdóttir, FNS
Valgerður F. Ágústsdóttir, Samband ísl. sv.fél.
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, SA
Þorkell Diego, verkefnishópi
Svandís Ingimundardóttir, Samband ísl. sv.fél.
Þorsteinn Sæberg, SÍS
Þór Pálsson, SMÍ
Þuríður Jóhannsdóttir, HÍ